



Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Austurlandi 26. október 2023

Efni: Umsögn um tillögu að Samgönguáætlun 2024-2038, mál 112/2023

Í þessu skjali er umsögn Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi (hér eftir SSA) um drög að nýrri samgönguáætlun fyrir árin 2024 – 2038.

Framtíðarsýn og markmið

SSA fagnar því að út séu komin drög að nýrri samgönguáætlun og tekur undir þá framtíðarsýn og þau meginmarkmið sem sett eru fram í áætluninni og varða öryggi, hagkvæmni og umhverfislega sjálfbærar samgöngur á Íslandi auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun.

Eitt af markmiðunum um greiðar samgöngur er að stuðla að samþættingu leiðarkerfa og þjónustu almenningsvagna við flugstöðvar en það er mikilvægt að efla í heild sinni almenningssamgöngur í landshlutanum og hafa leiðarkerfið skýrt og aðgengilegt bæði fyrir heimamenn og ferðamenn. Einnig er talað um, undir þessum markmiðum, að gáttir inn til landsins verði vel skilgreindar og styrktar. Þessu fagnar SSA enda ljóst að miklir möguleikar eru fyrir hendi þegar kemur að því að efla Egilsstaðaflugvöll sem alþjóðaflugvöll og opna þar með fleiri gáttir fyrir ferðamenn til landsins.

Markmið um öruggar samgöngur er metnaðarfullt og til þess að það megi raungerast er ljóst að mikilvægt er að leggja áherslu á að útrýma einbreiðum brúm en þær eru enn margar á Austurlandi. Byggja þarf upp héraðs- og tengivegi sem oft liggja að vinsælum áfangastöðum en eru í slæmu ástandi og tryggja uppbyggingu farsímanets á þeim svæðum sem enn eru sambandslaus bæði á láglandi og hálendi.

SSA fagnar því að byggja eigi upp hálendisvegi sem njóta vaxandi vinsælda meðal ferðamanna, en margir slíkir vegir eru á Austurlandi og þarfnast sárlega viðhalds og uppbyggingar. Þar má t.d. nefna veginn sem liggur frá Kárahnjúkastíflu út Brúardali og niður í Jökuldal eða út Jökuldalsheiði. Þessi leið býður upp á einstaka hringleið fyrir ferðamenn með viðkomu á mörgum af helstu náttúruperlum Austurlands svo sem Hengifossi, Hafrahvammagljúfri og Stuðlagili. Inn á þessa leið tengjast tveir vinsælir áfangastaðir ferðamanna í Fljótsdal, annars vegar Óbyggðasetur Íslands og hins vegar Strútsfoss en að báðum þessum stöðum liggja gamlir malarvegir sem mikil þörf er á að byggja upp.

Sérstaklega er tekið undir markmið um jákvæða byggðaþróun en allir þættir sem þar er komið inn á skipta miklu máli fyrir innviðauppbyggingu á Austurlandi.

Forgangsröðun jarðganga

SSA mótmælir því að í drögum að samgönguáætlun sé búið að slíta í sundur hringtengingu Austurlands með göngum frá Seyðisfirði yfir í Mjóafjörð og þaðan yfir á Norðfjörð. Það er sú

leið sem Austfirðingar hafa sameinast um í Svæðisskipulagi Austurlands 2022 – 2044 og finna má í gildandi samgönguáætlun¹. Í svæðisskipulaginu, sem samþykkt hefur verið af öllum sveitarstjórnnum landshlutans, kemur fram með skýrum hætti að áherslu beri að leggja á hringtengingu miðsvæðisins. Hún er forsenda þess að tryggja megi umferðaröryggi vegfarenda og að svæðið verði ein öflug atvinnu- og samfélagsheild. Það eru mikil vonbrigði að göng frá Seyðisfirði yfir í Mjóafjörð og þaðan á Norðfjörð séu ekki á áætlun samhliða gerð Fjarðarheiðarganga og þannig telur SSA að komið sé í veg fyrir að Austurland dafni sem eitt og öflugt atvinnusvæði. Vert er að minna á að í nefndarálitinu með þeirri samgönguáætlun sem síðast var samþykkt á Alþingi 12. júní 2020 segir um eina jarðgangaverkefnið í áætluninni:

„Meirihlutinn leggur áherslu á að jarðgangagerð á Austurlandi skilar ekki fullum ávinningi nema verkefnið verði unnið sem samfelld heild sem skilar hringtengingu vega í landshlutanum. Því þarf seinni áfanginn, göng milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar, að fylgja í kjölfar Fjarðarheiðarganga. Raunar gæti vinna við göngin milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar hafist áður en vinna við Fjarðarheiðargöng er að fullu lokið. Meirihlutinn leggur því áherslu á að rannsóknnum og undirbúningi við hringtenginguna ljúki sem fyrst svo að hægt verði að hefja framkvæmdir um leið og fjármagn er fyrir hendi.“

Þá er einnig vert að benda á að í nýuppfærðri skýrslu RHA um jarðgöng á áætlun eru Seyðisfjarðar- og Mjóafjarðargöng tekin sérstaklega fyrir miðað við sviðsmynd með og án Fjarðarheiðarganga. Ljóst er, þegar horft er á göngin öll saman, frá Egilsstöðum um Seyðisfjörð og Mjóafjörð til Norðfjarðar munu vegalengdir styttest verulega á Austurlandi. Mest styttist leiðin frá Neskaupstað til Seyðisfjarðar um 52 km og þá styttist leiðin milli Egilsstaða og Neskaupstaðar um 23 km. Ljóst er að ábati af þessum göngum yrði margþættur; slysum myndi fækka, samgöngur yfir vetrartímamann yrðu greiðari og tækifæri til byggðaþróunar og atvinnusköpunar myndu stóraukast á Austurlandi, ekki síst í byggðarlögum eins og Mjóafirði sem einangrast á veturna. RHA reiknar út að arðsemi þessara ganga verði 0,70%. Með þessu yrðu Norðfjörður og Seyðisfjörður ekki lengur endastöðvar heldur hnútpunktur á hringleið um Austurland².

Einnig telur SSA mikilvægt að göng undir Hellisheiði séu ofar á forgangslista yfir jarðgöng á Íslandi. Um þetta er einnig fjallað í Svæðisskipulagi Austurlands 2022 – 2044 en ljóst er að vegna vetrareinangrunar er erfitt fyrir Vopnfirðinga að líta á sig sem hluta af atvinnusvæðinu á Austurlandi. Í nýrri skýrslu RHA um jarðgöng á áætlun er fjallað um jákvæð áhrif á byggðaþróun ef göng undir Hellisheiði yrðu að veruleika³.

Flugvallamál

Flugsamgöngur eru gríðarlega mikilvægar fyrir Austurland enda sá landshluti sem er fjærst frá höfuðborginni. Í Svæðisskipulagi Austurlands 2022 – 2044 er mörkuð skýr stefna um áframhaldandi eflingu Egilsstaðaflugvallar (sjá kafla 3.1. um byggð og grunnkerfi) enda er um brýnt hagsmunamál að ræða fyrir landshlutann og ekki síður landið allt enda er völlurinn einn af fjórum millilandafflugvöllum á Íslandi. SSA ítrekar mikilvægi þess að hafin sé hönnun og skipulagning á uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar. Í Flugstefnu Íslands frá árinu 2019 er

¹ Sjá: [Byggð og grunnkerfi | Svæðisskipulag Austurlands](#)

² Sjá: [jarðgong-a-aaetlun.-mat-a-ardsemi-umferdarorvggi-tengingu-svaeda-og-byggdathroun-mai-2023148.pdf \(rha.is\)](#) bls. 181 - 190

³ Sjá: [jarðgong-a-aaetlun.-mat-a-ardsemi-umferdarorvggi-tengingu-svaeda-og-byggdathroun-mai-2023148.pdf \(rha.is\)](#) bls. 169 - 170

völlurinn settur í forgang er varðar uppbyggingu innviða alþjóðaflugvalla landsins svo mæta megi þörf fyrir varaflugvelli. Því skýtur skökku við að Egilsstaðaflugvöllur sé síðastur í röðinni þegar kemur að uppbyggingu varaflugvalla í drögum að nýrri samgönguáætlun.

SSA fagnar því að koma eigi á varaflugvallargjaldi og telur mikilvægt að þeirri áætlun verði haldið til streitu. Á sama tíma er mikilvægt að þetta gjald komi til viðbótar því fjármagni sem síðustu ár hefur verið veitt til Isavia en það hefur engan veginn nægt til að sinna uppsafnaðri viðhaldsþörf varaflugvalla á landsbyggðinni.

Í ljósi þess hversu mikilvægu hlutverki Egilsstaðaflugvöllur gegnir sem varaflugvöllur alþjóðaflugs og ekki síst í ljósi aukinna jarðhræringa á Reykjanesskaga er áriðandi að hefja framkvæmdir við akbraut og flughlað fyrr en ráðgert er í nýrri samgönguáætlun. Í núverandi drögum er ekki gert ráð fyrir slíkum framkvæmdum fyrr en 2029 -2033. Þorvaldur Þórðarson, prófessor í eldfjallafræði, hefur bent á nauðsyn þess að stjórnvöld byggi upp aðra gátt inn í landið ef til þess kæmi að Keflavíkurflugvöllur yrði óstarfhæfur vegna eldhræringa.⁴ Hér er um mikið öryggisatriði að ræða til að tryggja flæði farþega og vöru inn og úr landinu raskist flug um Keflavíkurflugvöll. Þá er aðkallandi að opna aðra gátt inn í landið til að dreifa álagi af síauknum fjölda ferðamanna sem sækja landið heim. Hér er rétt að endurtaka að í Flugstefnu Íslands er Egilsstaðaflugvöllur skilgreindur í algjörum forgangi í uppbyggingu varaflugvalla alþjóðaflugs.⁵

SSA minnir á mikilvægi áframhaldandi þróunar Loftbrúar, þar sem flugfargjöld eru niðurgreidd fyrir íbúa fjærst höfuðborgarsvæðinu. Loftbrúin hefur þegar sannað gildi sitt og íbúar hafa kallað eftir frekari eflingu úrræðisins. Í drögum að nýrri samgönguáætlun er tekið fram að ferðatími fólks af landsbyggðinni fari ekki yfir 3,5 klst. en eigi svo að vera þarf að gæta þess að það sé á færi allra, óháð efnahag, að ferðast með skjótum hætti til höfuðborgarinnar.

Nýframkvæmdir á Austurlandi

SSA mótmælir því að ekki séu fyrirhugaðar neinar nýframkvæmdir í vegamálum á svæðinu fyrr en eftir fjögur ár eða árið 2027. Þá er áætlað að fara í framkvæmdir í Reyðarfjarðarbotni, við Teigarhorn og hefja framkvæmdir á heilsársvegi um Öxi.

SSA vill áréttta að einbreiðar brýr eru tímaskekkja og breikkun þeirra er nauðsynleg samgöngubót, auk þess að tengivegir séu greiðfærir árið um kring. Brúin yfir ána Sléttu í Reyðarfjarðarbotni er illa farin og þar er mikil slyshætta. Sökum þungatakmarkana á þeirri brú og á brúnni í botni Fáskrúðsfjarðar er ekki hægt að fara yfir með þung vinnutæki og hefur það ítrekað valdið töfum og miklu óhagræði á framkvæmdum og vinnu á svæðinu.⁶

Ljóst er að uppbygging Suðurfjarðarvegar þolir ekki bið og það er afar brýnt að fara í framkvæmdir á honum enda metinn einn hættulegasti vegakafli landsins. Á haustþingi SSA 2023 var skorað á stjórnvöld að skoða, þegar til þess kemur, hvort skynsamlegra sé að gera göng um Suðurfirði í stað endurgerðar Suðurfjarðarvegar út frá arðsemi, öryggi og styttingar á þjóðvegi 1. Haustþingið lagði þó jafnframt áherslu á að sú skoðun myndi ekki seinka framkvæmdum sem nú eru tillögur um og mega ekki bíða.

⁴Sjá: [Verður að huga að öðrum kostum vegna eldgosahættu á Reykjanesi \(austurfrett.is\)](#)

⁵Sjá: [Fylgiskjal 2 - Flugstefna.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

⁶ Sjá: [Afar brýnt að endurnýja einbreiðar brýr á Austurlandi \(austurfrett.is\)](#)

Jafnframt er ótækt að framkvæmdir við nýja Lagarfljótsbrú séu enn og aftur færðar aftar í samgönguáætlun. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum við nýja brú fyrr en á tímabilinu 2034-2038 en núverandi brú ber ekki þungaflutninga sem veldur töfum og auknum kostnaði.

SSA þykir óásættanlegt að Axarvegi sé enn og aftur frestað í samgönguáætlun en það að koma á heilsársvegi yfir Öxi og grafa göng undir Fjarðarheiði er forsenda þess að sameining Djúpavogs, Seyðisfjarðar, Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar í sveitarfélagið Múlaþing verði farsæl. Samgöngur á milli byggðakjarna þessa nýja sveitarfélags eru afar mikilvægar til að mynda eitt atvinnu- og stjórnsýslusvæði.

Brynt er að bæta farsímasamband á Þjóðvegi 1 á Austurlandi. Á löngum köflum er stopult samband en þessu verður að koma í rétt horf svo tryggja megi öryggi íbúa og gesta.

Þá þykir SSA miður að ekki er fyrirhugað að klára veg frá Klausturseli áleiðis inn að Stuðlagili fyrr en árið 2029 – 2038. Hér er á ferðinni einn vinsælasti ferðamannastaður landsins en í dag er þarna lélegur einbreiður malarvegur! Miðað við umferðina á svæðinu er ljóst að mikilla úrbóta er þörf.

Hafnir


SSA fagnar því að á næsta ári hefjist framkvæmdir við lengingu löndunarbyggju á Vopnafirði, endurbygging Angrobbyggju á Seyðisfirði og framkvæmdir við höfnina á Borgarfirði.

Ljóst er að fram undan eru miklar framkvæmdir við hafnarmannvirki á Austurlandi er tengjast orkuskiptum og landtengingum og því hefði verið gott að sjá í samgönguáætlun einhverja áætlun um stuðning við slíkar framkvæmdir en það er hluti af framtíðarsýn Austurlands að stuðla að orkuskiptum m.a. með uppbyggingu innviða fyrir rafvæðingu hafna. Það hefði auk heldur rímað vel við markmið nýrrar samgönguáætlunar um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.


Að lokum

Við höfum sett fram metnaðarfulla framtíðarsýn í Svæðisskipulagi Austurlands 2022 – 2044 sem hér hefur ítrekað verið vísað í. Öflugar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að sú framtíðarsýn verði að veruleika. Fulltrúar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi vænta þess að fá tækifæri til að hitta umhverfis- og samgöngunefnd og gera þar nánari grein fyrir áherslum í þessari umsögn.

Fyrir hönd Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi,



Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður



Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri